

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2016/EES/50/01		Undirnefnd I um frjálsa vöruflutninga – Hættuleg efni – Skrá yfir ákvarðanir EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum um leyfisveitingu í samræmi við 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH) á fyrri hluta 2015 .....	1
2016/EES/50/02		Undirnefnd I um frjálsa vöruflutninga – Hættuleg efni – Skrá yfir ákvarðanir EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningnum um leyfisveitingu í samræmi við 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH) á síðari hluta 2015 .....	2
2016/EES/50/03		Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2016/SC frá 28. apríl 2016 um innri skiptingu kostnaðar .....	3
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
2016/EES/50/04		Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins EB nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannaðjónustukvaðir .....	4
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
2016/EES/50/05		EFTA-dómstóllinn – Mál höfðað 2. mars 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi (mál E-4/16) .....	5
	<b>III</b>	<b>ESB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
2016/EES/50/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7878 – Heidelberg Cement/Schwenk/Cemex Croatia) .....	6
2016/EES/50/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.7930 – ABP Group/Fane Valley Group/Slaney Foods) .....	7
2016/EES/50/08		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8055 – Coherent/Rofin-Sinar Technologies) .....	8

<b>2016/EES/50/09</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8099 – Nissan/Mitsubishi)	9
<b>2016/EES/50/10</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8131 – Tele2 Sverige/ TDC Sverige) . . . . .	10
<b>2016/EES/50/11</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8153 – Wilmar/Bunge/ Bunge Indo-China Holdings) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	11
<b>2016/EES/50/12</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8166 – THOM/Stroili Oro) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	12
<b>2016/EES/50/13</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8170 – ChemChina/ Adama) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	13
<b>2016/EES/50/14</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8183 – Avnet/Premier Farnell) . . . . .	14
<b>2016/EES/50/15</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8186 – BC Partners/ Keter and Jardin) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	15
<b>2016/EES/50/16</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál M.8205 – SEGRO/PSPiB/ SELP/Gliwice 5 Logistics Asset) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð . . . . .	16
<b>2016/EES/50/17</b>	Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júlí 2016 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES- samningsins (mál AT.39850 – Container Shipping) . . . . .	17

# EFTA-STOFNANIR

## FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA

Undirnefnd I um frjálsa vöruflutninga

2016/EES/50/01

Hættuleg efni

**Skrá yfir ákvarðanir eFTA-ríkja sem eiga aðild að EES-samningnum um leyfisveitingu í samræmi við 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH) á fyrri hluta 2015**

Til staðfestingar í sameiginlegu EES-nefndinni

Með vísan til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008 frá 14. mars 2008, er því beint til sameiginlegu EES-nefndarinnar að hún staðfesti, á fundi sínum 30. október 2015, eftirfarandi skrá um ákvarðanir um leyfisveitingu, sem voru samþykktar á grundvelli 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH), fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2015:

VIÐAUKI

### Skrá um ákvarðanir um leyfisveitingu

Eftirfarandi ákvarðanir um leyfisveitingu í samræmi við 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH) hafa verið teknar í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2015:

Heiti efnis	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	Land	Dagsetning ákvörðunar
Bis(2-etylhexýl) þalat (DEHP)	C(2014) 5551 lokaútgáfa	Liechtenstein	2. janúar 2015
Bis(2-etylhexýl) þalat (DEHP)	C(2014) 5551 lokaútgáfa	Ísland	13. janúar 2015
Bis(2-etylhexýl) þalat (DEHP) og díbútýl þalat (DBP)	C(2015) 1619 lokaútgáfa	Noregur	27. mars 2015
Bis(2-etylhexýl) þalat (DEHP) og díbútýl þalat (DBP)	C(2015) 1619 lokaútgáfa	Liechtenstein	16. apríl 2015
Díbútýl þalat (DBP)	C(2014) 9645 lokaútgáfa	Liechtenstein	16. janúar 2015
Díbútýl þalat (DBP)	C(2014) 9645 lokaútgáfa	Ísland	13. janúar 2015
Díbútýl þalat (DBP)	C(2014) 9645 lokaútgáfa	Noregur	14. janúar 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 3524 lokaútgáfa	Noregur	22. júní 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 3524 lokaútgáfa	Liechtenstein	26. júní 2015

**Undirnefnd I um frjálsa vöruflutninga****2016/EES/50/02****Hættuleg efni****Skrá yfir ákvarðanir EFTA-ríkjanna sem eiga aðild að EES-samningum um leyfisveitingu í samræmi við 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH) á síðari hluta 2015****Til staðfestingar í sameiginlegu EES-nefndinni**

Með vísan til ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 25/2008 frá 14. mars 2008, er því beint til sameiginlegu EES-nefndarinnar að hún staðfesti, á fundi sínum 18. mars 2016, eftirfarandi skrá um ákvarðanir um leyfisveitingu, sem voru samþykktar á grundvelli 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH), fyrir tímabilið 1. júlí til 31. desember 2015:

*VIÐAUKI***Skrá um ákvarðanir um leyfisveitingu**

Eftirfarandi ákvarðanir um leyfisveitingu í samræmi við 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006 (efnareglurnar REACH) hafa verið teknar í EFTA-ríkjunum sem eiga aðild að EES á tímabilinu 1. júlí til 31. desember 2015:

Heiti efnis	Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 8. mgr. 64. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006	Land	Dagsetning ákvörðunar
Bis(2-etylhexýl þalat (DEHP) og díbútýl þalat (DBP)	C(2015) 1619 lokaútgáfa	Ísland	13. ágúst 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 3524 lokaútgáfa	Ísland	13. ágúst 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6004	Noregur	14. september 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6004	Liechtenstein	21. október 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6004	Ísland	2. nóvember 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6007	Noregur	14. september 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6007	Liechtenstein	21. október 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6007	Ísland	2. nóvember 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6063	Noregur	14. september 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6063	Liechtenstein	21. október 2015
Díarsenþríoxíð	C(2015) 6063	Ísland	2. nóvember 2015
Tríklórétýlen	C(2015) 8093	Noregur	2. desember 2015
Tríklórétýlen	C(2015) 8093	Liechtenstein	14. desember 2015

**Ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna****2016/EES/50/03****nr. 1/2016/SC****frá 28. apríl 2016****um innri skiptingu kostnaðar**

FASTANEFND EFTA-RÍKJANNA HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Framlög Íslands, Liechtensteins og Noregs (framvegis „EFTA-ríkin“) til fjármagnskerfis EES fyrir árin 2014–2021 skulu skiptast í fimm árlegar hlutagreiðslur og ákvarðast á grundvelli 2. gr.

*2. gr.*

1. Framlög EFTA-ríkjanna til fjármagnskerfis EES fyrir árin 2014–2021 ákvarðast á grundvelli vergrar landsframleiðslu (VLF) þeirra.
2. Framlög EFTA-ríkjanna fyrir tiltekið fjárhagsár  $t$  skulu grundvallast á fyrirbyggjandi tölum um VLF fyrir árið  $t-2$  og samsvara hluta VLF ( $t-2$ ) þess ríkis í samantlagðri vergri landsframleiðslu ( $t-2$ ) EFTA-ríkjanna.
3. EFTA-ríkin skulu, eigi síðar en 1. mars ár hvert, leggja fram tölur um verga landsframleiðslu, sem liggja til grundvallar útreikningi á framlögum fyrir tiltekið ár  $t$ . Þær skulu varða árið  $t-2$ .
4. Framlög skulu sett fram í evrum.

*3. gr.*

Innganga EFTA-ríkis í ESB skal ekki hafa áhrif á þá skuldbindingu þess að leggja fé til fjármagnskerfis EES fyrir tímabilið 2014–2021, í samræmi við ákvörðun þessa.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda gildistökudag löggerningsins um stofnun fjármagnskerfis EES fyrir árin 2014–2021 eða daginn sem hann kemur til framkvæmda til bráðabirgða.

*5. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. apríl 2016.

Fyrir hönd fastanefndarinnar

**Kurt Jäger**

Formaður

**Kristinn F. Árnason**

Framkvæmdastjóri

\* \* \* \*

VIDAUKI

**við ákvörðun fastanefndar EFTA-ríkjanna nr. 1/2016/SC**

Fastanefndin er einhuga um að áður en hugsanlegar samningaviðræður um fjárframlög eftir árið 2021 til að draga úr efnahagslegu og félagslegu misræmi á Evrópska efnahagssvæðinu eru til lykta leiddar skuli fara fram endurskoðun á tilhöguninni um skiptingu kostnaðar með tilliti til þess að breyta grundvelli útreikningsins úr vergri landframleiðslu í vergar þjóðartekjur.

# EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

**Kynningatilkynning frá Eftirlitsstofnun EFTA í samræmi við 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins EB nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu**

**2016/EES/50/04**

**Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir**

Aðildarríki	Ísland
Flugleið(ir)	Akureyri–Þórshöfn–Vopnafjörður–Akureyri Akureyri–Grímsey–Akureyri Reykjavík–Bíldudalur–Reykjavík Reykjavík–Gjögur–Reykjavík Reykjavík–Höfn í Hornafirði–Reykjavík
Samningstími	1.4.2017 – 31.3.2021
Frestur til að skila tilboðum	60 dagar frá því að auglýsing þessi birtist í Stjtið. ESB
Texti útboðsauglýsingarinnar er afhentur endurgjaldslaust, ásamt hvers kyns viðkomandi upplýsingum og/eða skjölum sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar, eftir beiðni sem senda ber:	Ríkiskaup Borgartúni 7, 101 Reykjavík Sími +354 530 1400 Bréfasími: +354 530 1414 Netfang: rikiskaup@rikiskaup.is Vefsetur: www.rikiskaup.is

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

Mál höfðað 2. mars 2016 af Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi

2016/EES/50/05

(Mál E-4/16)

Hinn 2. mars 2016 höfðaði Eftirlitsstofnun EFTA mál fyrir EFTA-dómstólnum gegn Konungsríkinu Noregi; í fyrirsvari eru Carsten Zatschler, Clémence Perrin og Marlene Lie Hakkebo, umboðsmenn Eftirlitsstofnunar EFTA, Rue Belliard 35, B-1040 Brussels.

Eftirlitsstofnun EFTA krefst þess að EFTA-dómstóllinn:

1. Lýsi yfir að Konungsríkið Noregur hafi vanefnt skuldbindingar sínar skv. 33. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls með því að láta hjá líða, áður en tímabilið sem mælt er fyrir um í rökstudda álitinu frá Eftirlitsstofnun EFTA til Konungsríkisins Noregs, skv. 2. mgr. 31. gr. fyrrnefnds samnings, rann út, að gera ráðstafanirnar sem nauðsynlegar eru til þess að hlíta dómi dómstólsins frá 2. desember 2013 í máli E-13/13, Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi.
2. Geri varnaraðila að greiða málskostnað.

*Lagagrundvöllur, málavextir, málsástæður og lagarök lögð fram til stuðnings:*

- Í stefnunni kemur fram að Noregur hafi látið hjá líða að hlíta eigi síðar en 8. september 2015 rökstuddu álitu Eftirlitsstofnunar EFTA frá 8. júlí 2015 þess efnis að ríkið hafi vanefnt þær skuldbindingar sínar skv. 33. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls að gera nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að hlíta dómi EFTA-dómstólsins frá 2. desember 2013 í máli E-13/13 Eftirlitsstofnun EFTA gegn Konungsríkinu Noregi.
- Mál E-13/13 varðar það hvort Konungsríkið Noregur hafi fullnægt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/60/EB frá 26. október 2005 um ráðstafanir gegn því að fjármálakerfið sé notað til peningaþvættis og til fjármögnunar hryðjuverkastarfsemi (ALM-tilskipunin).

# ESB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja

2016/EES/50/06

(mál M.7878 – HeidelbergCement/Schwenk/Cemex Croatia)

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem þýsku fyrirtækin HeidelbergCement AG og Schwenk Zement KG öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr., í króatíska fyrirtækinu Cemex Hrvatska d.d.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - HeidelbergCement: starfar á sviði framleiðslu og dreifingar á sementi, sementsgjalli og öðrum sementsaukefnum, steinefnum, steypublöndu, steypuvörum, jöfnunarefni úr sementi, malbiki og kalksandsteini.
  - Schwenk: starfar á sviði framleiðslu á sementi, sementsgjalli, steypublöndu, steypuvörum og -þjónustu sem og steinefnum.
  - Cemex Hrvatska: starfar á sviði framleiðslu á sementi, sementsgjalli, steypublöndu og steinefnum á vestanverðum Balkanskaga.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 337, 14.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.7878 – HeidelbergCement/Schwenk/Cemex Croatia, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.7930 – ABP Group/Fane Valley Group/Slaney Foods)**

2016/EES/50/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem írski fyrirtækið ABP Food Group („ABP“) og breska fyrirtækið Fane Valley Co-operative Society Limited („FaneValley“) öðlast með hlutafjárkaupum, fyrir tilstuðlan fjölda innbyrðis tengdra viðskipta, í sameiningu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í írsku fyrirtækjunum Slaney Foods Joint Venture („Slaney JV“) og Slaney Proteins.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - ABP: landbúnaðarfyrirtæki. Dótturfélög þess starfa á heimsvísu á sviði kjötvinnslu, sölu margvíslegra kældra og frosinna kjötafurða sem og annarra kjötafurða til smásölu-, heildsölu- og matsöldureifingarmarkaða. ABP starfar einnig á sviði gæludýrafóðurs, endurnýjanlegra orkugjafa og prótína.
  - Fane Valley: samvinnufélag í eigu bænda sem starfar innan ýmissa landbúnaðargeira. Starfsemi þess felur í sér slátrun á nautgripum og lambfê ásamt vinnslu kjötsins á Norður-Írlandi og Bretlandi.
  - Slaney JV: um þessar mundir í eigu Fane Valley og Lanber Group þar sem hvort fyrirtæki á helmingshlut (fyrirtæki þriðja aðila sem er ekki hlutdeildarfélag). Slaney JV felur í sér Slaney Foods International („SFI“, starfsemi þess sem tengist nautakjöti hefur aðsetur á Írlandi) og Irish Country Meats („ICM“, starfsemi þess sem tengist sauðfjárkjöti/lambakjöti hefur aðsetur á Írlandi og í Belgíu). Slaney starfrækir þrjár kjötvinnslustöðvar á eyjunni Írlandi, þar sem nautgripum er slátrað í einni þeirra og sauðfê/lambfê í tveimur þeirra. ICM kaupir einnig lambaskrokka til frekari vinnslu.
  - Slaney Proteins: starfrækir þrjár bræðslustöðvar í flokki 3 þar sem aðallega er unnið með efni úr flokki 3 sem fellur til hjá Slaney JV.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 336, 13.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.7930 – ABP Group/Fane Valley Group/Slaney Foods, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8055 – Coherent/Rofin-Sinar Technologies)**

**2016/EES/50/08**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> og í kjölfar vísunar skv. 5. mgr. 4. gr. sömu reglugerðar um fyrirhugaða samfylkingu, þar sem bandaríska fyrirtækið Coherent Inc. („Coherent“) óðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í bandaríska og þýska fyrirtækinu Rofin-Sinar Technologies („Rofin-Sinar“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Coherent: hannar, framleiðir, þjónustar og markaðssetur leysigeislagjafa og tengda fylgihluti fyrir fjölbreyttan hóp viðskiptavina, m.a. fyrir lausnir í framleiðslu efna.
  - Rofin-Sinar: sérhæfir sig í hönnun, þróun, högun, framleiðslu og markaðssetningu á leysigeislagjöfum og leysigeislabbyggðum tæknilausnum fyrir búnað í iðnaðarvinnslu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 338, 15.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni Coherent/Rofin-Sinar Technologies, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8099 – Nissan/Mitsubishi)**

2016/EES/50/09

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. ágúst 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem japanska fyrirtækið Nissan Motor Co., Ltd. („Nissan“), sem lýtur yfirráðum franska fyrirtækisins Renault, öðlast með hlutabréfakaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í japanska fyrirtækinu Mitsubishi Motors Corporation („MMC“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Nissan: japanskt, fjölþjóðlegt hlutabréfafyrirtæki með höfuðstöðvar í Nishi-ku, Yokohama í Japan sem framleiðir og selur ökutæki. Nissan er dótturfélag Renault, sem er franskur fjölþjóðlegur ökutækjaframleiðandi með höfuðstöðvar í Boulogne-Billancourt í Frakklandi.
  - MMC: japanskt, fjölþjóðlegt hlutabréfafyrirtæki með höfuðstöðvar í Minato-ku, í Tókýó í Japan sem framleiðir og selur ökutæki.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 330, 8.9.2016). Þær má senda með simbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8099 – Nissan/Mitsubishi, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8131 – Tele2 Sverige/TDC Sverige)**

2016/EES/50/10

1. Framkvæmdastjórninni barst 2. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem sænska fyrirtækið Tele2 Sverige AB („Tele 2“), sem lýtur yfirráðum sænska fyrirtækisins Kinnevik, öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í sænska fyrirtækinu TDC Sverige AB („TDC Sverige“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Tele2: sænskt fyrirtæki á sviði fjarskipta sem býður upp á farsímaþjónustu (sími og gögn), nettengingu, fastlínubjónustu, gagnaflytningaþjónustu, einkasímstöðvar (PBX) og skylda þjónustu fyrir einkaviðskiptavinum, viðskiptavinum í fyrirtækjageiranum og í opinbera geiranum.
  - Kinnevik: sænskt fjárfestingarfyrirtæki með eignarhluti í fjarskiptageiranum, rafrænum viðskiptum, afþreyinga- og fjármálaþjónustu.
  - TDC Sverige: sænskt fyrirtæki á sviði fjarskipta sem býður upp á farsímaþjónustu (sími og gögn), nettengingu, fastlínubjónustu, gagnaflytningaþjónustu, einkasímstöðvar (PBX) og skylda þjónustu, upplýsingatækniþjónustu, lausnir fyrir gagnaver og ráðgjafarþjónustu fyrir viðskiptavinum í fyrirtækjageiranum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 330, 8.9.2016). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni mál M.8131 – Tele2 Sverige/TDC Sverige, á eftirfarandi póstfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8153 – Wilmar/Bunge/Bunge Indo-China Holdings)**

2016/EES/50/11

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem fyrirtækin Siteki Investments Pte Ltd („Siteki“, Singapúr), sem er hluti af samsteypunni Wilmar International Limited („Wilmar“, Singapúr), og Bunge Agribusiness Singapore Pte Ltd („BAS“, Singapúr), sem er hluti af bandarísku samsteypunni Bunge Limited („Bunge“), öðlast með hlutabréfakaupum sameiginleg yfirlát, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í vietnamska fyrirtækinu Bunge Indo-China Holdings Pte. Ltd. („BIC“), sem lýtur sem stendur alfarið yfirlátum BAS.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Wilmar samsteypan: búvöruviðskipti með starfsemi í ræktun olíupálma, mulningi olíufræja, hreinsun matarolíu, sykurvinnslu og hreinsun, sérnotafitu, líffituefnum, líffísel og framleiðslu á áburði, auk vinnslu á hveiti og hrisgrjónum.
  - Bunge samsteypan: matvæla- og búvöruviðskiptafyrirtæki með starfsemi á sviði kaupa, geymslu og vinnslu korns og olíufræja, framleiðslu og sölu á sykri og líforku, framleiðslu og sölu á matarolíum og fitu, framleiðslu á slípuðu hveiti, korn- og hrisgrjónavöru fyrir neytendamarkað og framleiðslu, blöndun og dreifingu á áburðarvörum fyrir landbúnað.
  - BIC: innflutningur á hráum sojabaunum, mulning sojabauna fyrir framleiðslu á sojabaunahrólíu, flysjun sojabauna, sojabaunahveiti og fôðurlesitín til sölu til viðskiptavina í Víetnam.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 339, 16.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni mál M.8153 – Wilmar/Bunge/Bunge Indo-China Holdings, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8166 – THOM/Stroili Oro)**

2016/EES/50/12

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem franska fyrirtækið THOM SAS („THOM“) óðlast með hlutabréfakaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ítalska fyrirtækinu Stroili Oro S.p.A. („Stroili Oro“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - THOM: smásala skartgripa og úra í gegnum net verslana sem aðallega eru staðsettar í Frakklandi.
  - Stroili Oro: smásala á skartgripum og úrum í gegnum net verslana sem eru staðsettar á Ítalíu.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 337, 14.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8166 – THOM/Stroili Oro, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(mál M.8170 – ChemChina/Adama)**

2016/EES/50/13

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem kínverska fyrirtækið China National Agrochemical Corporation („CNAC“), sem er alfaríð í eigu China National Chemical Corporation („ChemChina“), öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ísraelska fyrirtækinu Adama Agricultural Solutions Ltd. („Adama“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CNAC: framleiðsla íðefna í landbúnaði. Fyrirtækið framleiðir og selur virk efni sem ekki eru háð einkaleyfi og samsettar vörur notaðar í vörur til að vernda uppskeru.
  - Adama: Framleiðir og selur virk efni sem ekki eru háð einkaleyfi og samsettar vörur notaðar í vörur til að vernda uppskeru, meðhöndlun fræja og vörur fyrir garða og grasflatir. Einnig framleiðir fyrirtækið takmarkaðan fjölda vara úr efnum sem ekki eru íðefni í landbúnaði fyrir matvælaíðnað.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 338, 15.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8170 – ChemChina/Adama, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8183 – Avnet/Premier Farnell)**

2016/EES/50/14

1. Framkvæmdastjórninni barst 1. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem bandaríska fyrirtækið Avnet, Inc. („Avnet“) öðlast í gegnum yfirtökutilboð, sem var tilkynnt 28. júlí 2016, að fullu yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Premier Farnell plc („Premier Farnell“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Avnet: starfar á heimsvísu á sviði dreifingar rafeindaíhluta, vara og hugbúnaðar fyrir fyrirtæki og gagnaver. Avnet býður einnig upp á samsetningu og aðra virðisaukaskapandi þjónustu, þ.m.t. stuðning við verkfræðivinnu og hönnun, efnisstjórnun, þjónustu á sviði vöruférlisstjórnunar, kerfissambættingu og -samskipan ásamt þjónustu á sviði vörukeðjustjórnunar sem er sérsniðin að sérstökum kröfum viðskiptavina og birgja.
  - Premier Farnell: starfar á heimsvísu og veitir hágæðaþjónustu á sviði dreifingar tæknivara og -lausna við hönnun, framleiðslu, viðhald og viðgerð rafeindakerfa. Premier Farnell dreifir rafeindaíhlutum og tengdum vörum ásamt fullframleiddum raf- og rafeindavörum.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 334, 10.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8183 – Avnet/Premier Farnell, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).



**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(mál M.8186 – BC Partners/Keter and Jardin)**

2016/EES/50/15

**Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 8. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið BC Partners LLP („BC Partners“) öðlast með hlutfjárkaupum yfirráð, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hluta fyrirtækjanna Keter Plastic Limited („KPL“, Ísrael) og Jardin International Holding B.V. („JIH“, Kýpur). Fyrirtækin sem verða keypt samkvæmt viðskiptunum eru nefnd „Keeter Business“ og „Jardin Business“.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - BC Partners: framtakssjóður með áherslu á fjárfestingar á mörkuðum í Evrópu og Norður-Ameríku. BC Partners starfa í gegnum sjóðina BCECIX og BC European Capital VIII.
  - Keter Business: hönnun, framleiðsla, markaðssetning og sala á neytendavörum til heimilishalds sem byggja á resíni, þar með talið garðhúsgögn; útigeymslur, skipulagning heimila, vélbúnaður fyrir sjálfshjálpl, garðvinna, umhirða dýra og barnaleikföng.
  - Jardin Business: hönnun, framleiðsla, markaðssetning og sala garðhúsgagna úr plasti, lausnir fyrir geymslu, eldhúsbúnaður og heimilisbúnaður.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 339, 16.9.2016). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8186 – BC Partners/Keter and Jardin, á eftirfarandi póstoffang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja****2016/EES/50/16****(mál M.8205 – SEGRO/PSPiB/SELP/Gliwice 5 Logistics Asset)****Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 7. september 2016 tilkynning skv. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(1)</sup> þar sem breska fyrirtækið SEGRO plc („SEGRO“) og kanadíski sjóðurinn Public Sector Pension Investment Board („PSPiB“) munu öðlast, með hlutfjárkaupum, í sameiningu yfirláð, óbeint í gegnum lúxemborgíska fyrirtækið SEGRO European Logistics Partnership SARL („SELP“), í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í tekjuskapandi eign á sviði vöruférlisstjórnunar í Póllandi („viðmiðunareign“) sem lýtur um þessar mundir óbeint fullum yfirláðum SEGRO.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SEGRO: eignarhald, eignastýring og þróun nútímavöruhúsa, léttiðnaðar og gagnavera sem eru í nágrenni við stór þéttbýlissvæði og við mikilvægar samgöngutengistöðvar í ýmsum ESB-ríkjum.
  - PSPiB: lífeyrissjóður sem stýrir lífeyriskerfi opinbera geirans í Kanada, kanadíska herafllans, konunglegu kanadíska riddaralögreglunnar og kanadíska varaliðsins. Hann annast fjölbreyttar fjárfestingar á heimsvísu þ.m.t. hlutabréf, skuldabréf og önnur verðbréf með föstum vöxtum, auk fjárfestinga í framtakssjóðum, fasteignum, innviðum og náttúruauðlindum.
  - Viðmiðunareign: birgðavörúhús í Gliwice í Póllandi sem er, um þessar mundir, í leigu hjá aðila sem starfar innan framleiðsluðnaðarins.
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 <sup>(2)</sup>.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hin fyrirhuguðu viðskipti.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 337, 14.9.2016). Þær má senda með símbreffi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið [COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu](mailto:COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu) eða í pósti með tilvísuninni M.8205 – SEGRO/PSPiB/SELP/Gliwice 5 Logistics Asset, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Merger Registry  
1049 Bruxelles/Brussel

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

**Ágrip af ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. júlí 2016 um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins**

**2016/EES/50/17**

**(Mál AT.39850 – Container Shipping)**

Hinn 7. júlí 2016 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun um málarekstur samkvæmt 101. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 53. gr. EES-samningsins. Framkvæmdastjórnin hefur nú, í samræmi við ákvæði 30. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1/2003 <sup>(1)</sup>, birt nöfn aðila og meginefni ákvörðunarinnar (Stjtið. ESB C 327, 6.9.2016, p. 4), að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækjanna af því að vernda viðskiptaleyndarmál sín. Ákvörðunin er birt í heild á ensku á vef aðalskrifstofu samkeppnismála:

[http://ec.europa.eu/comm/competition/index\\_en.html](http://ec.europa.eu/comm/competition/index_en.html).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 1, 4.1.2003, bls. 1.